

Frá Kvenfélagi Garðabæjar

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.08.20
Málalýkill	15.19
Mál nr.	2003235



Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorg 7
210 Garðabæ

Efni: Samningur um rekstur Samkomuhúss Garðaholts

Núgildandi samkomulag um rekstur Garðaholts milli Garðabæjar og Kvenfélags Garðabæjar er undirritað þann 15. maí 2014 af Gunnari Einarssyni bæjarstjóra og Heiðrúnu Hauksdóttur formanns Kvenfélags Garðabæjar. Samningnum skal sagt upp fyrir 1. sept. ef til uppsagnar kemur.

Í framhaldi undirritunar samkomulagsins auglýsti þáverandi stjórn félagsins eftir rekstrarstjóra til að hafa umsjón með rekstri Garðaholts. Núverandi rekstrarstjóri hefur nú sagt upp störfum 7. júlí 2020, starfar uppsagnarfrestinn.

Stjórn kvenfélagsins telur rétt að segja upp samstarfs samningi þessum við Garðabæ, álit okkar er að slíkur rekstur samrýmist ekki starfsemi félagsins enda aðrir tímar í dag en við upphaf samkomulagsins árið 1983.

Kvenfélag Garðabæjar hefur nýtt samkomuhúsið á Garðaholti fyrir félagsstarfið, eftirfarandi:

- Félagsfundir 1. þriðjudag í mánuði, tímabilið október - maí u.þ.b. sjö fundir.
- Spilakvöld fyrir eldri borgara tvisvar á ári.
- Aðrar tilfallandi samkomur 1-2 á ári.

Undirritaðar óska eftir niðurfellingu á gildandi samkomulagi og hefja viðræður um skil á samkomuhúsinu á Garðaholti.

Garðabæ, 26. ágúst 2020

F.h. stjórnar Kvenfélags Garðabæjar

Sigurbjörg Helena Jónasdóttir

Sigurbjörg Helena Jónasdóttir, formaður

Guðrún Eggertsdóttir

Guðrún Eggertsdóttir, varaformaður

Erla Bil Bjarnardóttir

Erla Bil Bjarnardóttir, ritari

Sigríður Jóhannesdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir, gjaldkeri